

## AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fiskimjölsverksmiðju Hafsildar hf.,  
frá 30. september 1985.

1. gr.

2. gr. 9. tl. orðist svo:

Lyktheyðing skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblásturinn niður og með brennslu lyktarefnanna. Lyktheyðing við brennslu skal vera jafngóð og eftir hitun í lofti í 700°C í 1/3 úr sekúndu. Við hönnun lyktheyðingarbúnaðarins skal tillit taka til orkuendurvinnslusjónarmiða.

2. gr.

3. gr. 5. tl. orðist svo:

Lofthreinsibúnaður, sbr. gr. 2.9. skal taka til starfa fyrir 31. desember 1988.

3. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. maí 1988.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## SAMÞYKKT

um hundahald í Hveragerði.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Hveragerðis.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita mönnum búsettum í bænum undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfi skal bundið við nafn og heimili lögráða einstaklinga og óheimilt að framselja það. Leyfið er og bundið við hund þann, sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.
- Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki sameigenda fylgja umsókn.
- Greiða skal í bæjarsjóð leyfisgjald og setur bæjarstjórn árlega gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Gjaldið skal greitt um leið og lögboðin hundahreinsun fer fram sbr. e. lið. Hundar, sem blindir eða sjónskertir þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, leitarhundar, svo og hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbyli eru undanþegnir þessu gjaldi, en vegna þeirra skal þó greiddur kostnaður við hreinsun og afhendingu merkja sbr. f. lið.
- Skylt er leyfishafa að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi, þannig að tryggt sé að tryggingin nái til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda, mönnum, dýrum, gróðri og munum.